

Orkustofnun

Úttekt á eignastofni Norðurorku hf.

Deloitte ehf.

Smáratorg 3

201 Kópavogur

Sími: +354 580-3000

www.deloitte.is

Efnisyfirlit

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar.....	2
2. Fjárhagskerfi og innra verklag	2
3. Úttektin.....	3
3.1. Skoðun fylgiskjala	3
3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum.....	3
4. Niðurstöður	4

1. Tilgangur, markmið og umfang úttektarinnar

Orkustofnun (OS) hefur heimild til að gera úttektir á dreifiveitum samkvæmt VII. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Vegna þessarar úttektar hefur Orkustofnun ráðið Deloitte hf. til að annast úttekt á eignastofni Veitna ohf. fyrir árið 2014 og var fyrirtækinu tilkynnt um fyrirhugaða úttekt og framkvæmd hennar með bréfi dags. 5. júní 2015. Með úttektum á ákveðnum bókhaldslegum þáttum dreifiveitna leitast OS eftir því að verklag við setningu og uppgjör tekjumarka verði sem mest samræmt milli dreifiveitna. Niðurstaða úttektar getur leitt til athugasemda við viðkomandi dreifiveitu auk leiðréttingar á uppgjöri tekjumarka og einnig mögulega breytingu á verklagi OS við eftirlitið.

Tilgangur úttektar er að rýna undirgögn sem liggja að baki innsendum upplýsingum um eignastofn sem liggur til grundvallar tekjumörkum. Úttektin er ekki framkvæmd vegna gruns um misfellur í upplýsingum heldur fremur vegna mikilvægis eignastofns í tekjumörkum og sem hluti af yfirferð OS á verklagi við setningu og uppgjör tekjumarka.

Þessi skýrsla fjallar um yfirferð okkar á eignastofni Norðurorku hf. (NO).

Við förum í úttektinni yfir fjárfestingar á árinu 2014 og stöðu á eignastofni 31. desember 2014 byggt á þeim gögnum sem dreifiveitan sendi til OS. Úttektin var framkvæmd til þess að greina eignastofn NO og meta hvort að:

- a) Eignirnar tilheyri með sannanlegum hætti dreifiveituhluta og séu nýttar til tekjuöflunar.
- b) Gögn á bak við eignfærslur ársins séu fullnægjandi og styðji réttmæti eignfærðrar fjárhæðar.
- c) Afskriftir séu í samræmi við nýtingartíma (líftíma) eignanna.
- d) Endurmat eigna sé í samræmi við heimildir fyrirtækjanna og ákvarðanir OS.

2. Fjárhagskerfi og innra verklag

NO notar „Dynamics Axapta“ fjárhagskerfi. Haldið er utan um eignfærslur ársins á sér lyklum og eru innkaup ársins aðgreinanleg fyrir hverja veitu. Í uppgjörsferlinu eru þessir lykilar notaðir við vinnslu eignaskrár í töflureikni („excel“). Endurmat á eignum sem tengjast dreifingu á rafmagni er framkvæmt af endurskoðanda félagsins og er haldið utan um endurmetinn eignagrunn til OS í sér eignaskrá. Endurmat er framkvæmt árlega og eru fjárfestingar hvers mánaðar endurmetnar til ársloka, byggt á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

3. Úttektin

3.1. Skoðun fylgiskjala

Til að nálgast markmiðin með úttektinni voru framkvæmdar nokkrar prófanir. Umfangsmesta prófunin var úrtaksskoðun á eignfærslum ársins 2014, en við fengum lista með hreyfingum á bak við eignfærslur ársins. Við bárum samtölu eignfærslna sem tengjast dreifingu á raforku saman við eignfærslur í eignaskrá. Óverulegur mismunur var þar á en hann skýrist af því að dreifing raforku fær á sig eignfærslur af sameiginlegum eignfærslum en þessi hreyfingarlisti tekur ekki til þeirra. Ákveðið var að skoða alla kostnaðarreikninga sem voru yfir 1 mkr. Upphæð úrtaksins var tæplega 25 mkr. af rúmlega 76 mkr. heildareignfærslum og því var um 33% eignfærslna skoðað. Það er mat okkar að gott skipulag sé á eignfærslum hjá NO og auðvelt reyndist að rekja eignfærðan kostnað til frumgagna. Skoðuð voru alls 14 fylgiskjöl. Við fundum engan kostnað sem ekki tilheyrði dreifiveitu rafmagns. Samkvæmt fyrningartöflu sem notuð er til grundvallar reikningsskilum NO er byrjað að afskrifa eignfærslur ársins, sem bendir til þess að eignirnar séu orðnar tekjuberandi.

Viðeigandi fylgiskjöl voru að baki þeim eignfærslum sem við skoðuðum.

3.2. Yfirferð á reiknuðum afskriftum

NO hefur lagt á mat á líftíma eigna félagsins og mótað sér reglur um hrakvirði og afskriftir. Hjá NO er um að ræða eftirfarandi líftíma og hrakvirði:

- Fasteignir eru ýmist með 25 ára eða 50 ára líftíma og með 10% hrakvirði.
- Aðveitukerfi og aðveitustöðvar eru með 30 ára líftíma og 10% hrakvirði.
- Háspennudreifikerfi, dreifistöðvar, lágspennukerfi, heimtaugar og götuljós eru með 25 ára líftíma og með 10% hrakvirði
- Aðrir eignaflokkar eru með styttri líftíma en það eru eignir eins og tölvukerfi, ýmis áhöld og farartæki en þau eru með 5 ára líftíma og 5% hrakvirði.


NO hefur fært á meðal eigna dreifiveitu reiknað hlutfall hennar í ýmsum eignum sem tengjast ekki beint dreifingu á rafmagni. Þetta eru eignir eins og bifreiðar og skrifstofuhúsnæði. Skiptihlutföll voru unnin í samráði við endurskoðanda félagsins sem hefur staðfest þau með undirskrift sinni. Samkvæmt fjármálastjóra NO hafa þessi skiptihlutföll verið borin undir starfsmenn OS sem gerðu ekki athugasemdir við þau.

4. Niðurstöður

Úttekt á eignfærslum NO á árinu 2014 og á eignastofni sem liggur til grundvallar uppgjöri tekjumarka hefur ekki leitt neitt annað í ljós en að flokkun fastafjármuna félagsins uppfylli kröfur raforkulaganna. Einnig eru afskriftir eignaflokka í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar.

Kópavogur, 4. maí 2016

Deloitte ehf.



Lárus Finnbogason
endurskoðandi